



### 3. stjórnarfundur HSV starfsárið 2016-2017. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 25. október 2017 kl. 16.30.

Mættir eru: Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Elísa Stefánsdóttir, Karl Ásgeirsson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem skrifaði fundargerð. Elín Marta Eiríksdóttir og Heimir Gestur Hansson boðuðu forföll.

Dagkrá fundar:

1. Landsmót UMFÍ 50+
2. Fjármál HSV (fjárhagsáætlun 2016, 8 mánaða uppgjör, húsnæðiskostnaður, breytt fyrirkomulag á greiðslu reikninga)
3. Sambandsráðsfundur UMFÍ 15. október 2016
4. Nóri greiðslukerfi og þjónusta fyrir félögin
5. Múlaland
6. Önnur mál

Fundargerð

1. Landsmót UMFÍ 50+  
Undirbúningsnefnd landsmótsins fundaði mánudaginn 24. október og skilaði af sér störfum. Mótið hefur nú verið gert upp og var hagnaður af mótshaldinu. Nefndin beinir til stjórnar HSV að senda þakkir til stærstu stuðningsaðila sem og til Ísafjarðarbæjar og UMFÍ fyrir samstarfið. Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda út þakkarbréf og þakkar stjórn jafnframt undirbúningsnefnd og starfsmönnum hennar kærlega fyrir þeirra störf.
2. Fjármál HSV.  
Átta mánaða uppgjör lagt fram til kynningar. Rætt um kaup á þjónustu frá bókhaldsstofu sem gengur vel. Formaður leggur til að minnka þjónustu bókhaldsstofu og að framkvæmdastjóri fái umboð til að greiða reikninga samþykka af gjaldkera. Stjórn samþykkir tillöguna.
3. Sambandsráðsfundur UMFÍ 15. október 2016.  
Formaður segir frá sambandsráðsfundi UMFÍ sem hún ásamt framkvæmdastjóra fóru á. Farið yfir samþykktar tillögur. UMFÍ hvetur sambandsaðila til að fjölmenna á landsmótin og stefnir stjórn HSV á að skipa landsmótsnefnd til að undirbúa þátttöku okkar fólks á landsmótum UMFÍ næstu ár.
4. Nóri.  
HSV notar greiðslukerfið Nóra fyrir íþróttaskólann. Miklir möguleikar í notkun fyrir aðildarfélög HSV. Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að kynna fyrir félögunum og vinna áfram í samstarfi við þau.
5. Múlaland  
Framkvæmdastjóri fór yfir íbúðastyrk Ísafjarðarbæjar til HSV. Tveimur íbúðum hefur verið skilað inn á þessu ári og stefnt er að því að skila tveimur til viðbótar á næsta ári.
6. Önnur mál:
  - a. Grettir – Guðný segir frá hugmyndum um eflingu starfs Grettis á Flateyri.
  - b. Íþróttaskóli. Formaður segir frá áhuga á að í íþróttaskóla verði gerð hreyfipróf sem hægt væri að nýta til ýmissa samanburðarannsóknna á hreyfingu barna. Stjórnarmönnum þykja hugmyndirnar áhugaverðar og hvetja formann til að vinna áfram.